

Pá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til veiða á úthafskarfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 190

2. apríl 1996

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála
nr. 138/1993, sbr. reglugerð nr. 471/1995.**

1. gr.

Í stað orðanna „á síðari hluta ársins 1995“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: á fyrri hluta ársins 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 191

2. apríl 1996

REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi
vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994
og breytingu með rg. nr. 702/1995.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fóðurkorni (heilbyggi og/eða öðrum innfluttum korntegundum) skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,17.